

## Tillaga vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiði tímabilið 2021-2022.

Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkt verði svofelld ályktun/skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í tengslum við byggðakvóta og send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu:

Við úthlutun byggðakvóta er óskað eftir því að fullt tillit verði tekið til þess afla sem er fluttur að til vinnslu í Stykkishólmi vegna þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðar nr. 995/2021.

Miðað við framangreint munu ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólms með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) *Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist og verður:* Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiski-skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla **í Stykkishólmi og aðflutts botnsfiskafla til vinnslu í Stykkishólmi** í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun.
- b) *Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytist og verður:* Afli sem landað er **eða fluttur til vinnslu í Stykkishólmi** í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi byggðarlags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) *Ákvæði 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:* Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr., hefur endurnýjað fiskiskip sitt til að stunda fiskveiðar á fiskveiðiárinu 2021/2022, þá getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks færist áunnin réttindi hins eldra skips til hins nýja.

Stykkishólmi, 6. febrúar 2022

Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

**Rökstuðningur varðandi breytingu  
viðmiðunar um úthlutun til  
fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)**

Eins og þekkt er þá er stór hluti atvinnutækifæra í Stykkishólmi byggður á sjávarútvegi og þjónustu við fyrirtæki sem stunda útgerð og fiskvinnslu. Það er því eðlileg skylda bæjarstjórnar að leita allra leiða sem færar kunna að vera til þess að verja hagsmuni fyrirtækja í sjávarútvegi og leita samstarfs um sókn og uppbyggingu í greininni. Með því að óska eftir breytingum á reglum vilja bæjaryfirvöld leggja sitt að mörkum við að sækja þann rétt sem íbúar Stykkishólmsbæjar telja sig eiga og á þeim grunni er lagt til að tekið verði tillit til aðflutts afla til vinnslu í Stykkishólmi við úthlutun byggðarkvóta til þeirra fiskiskipa sem falla undir reglurnar þar sem slík skilyrði þjóni hagsmunum samfélagsins í Stykkishólmi, sbr. hér að framan, þ.m.t. þeim fiskvinnslum sem hér starfa og starfsmönnum þeirra.

Stykkishólmi, 6. febrúar 2022

Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar